

Framangreind ósæmleg ummæli skulu vera dauð og ómerk, og greiði Jón Sveinsson hdl. kr. 100.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 3ja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd, áður en aðfararfrestur í máli þessu er liðinn.

Mánudaginn 4. desember 1950.

Nr. 44/1950. **Ákærvaldið** (Einar Arnórsson)
 gegn
Sigtryggi Benediktssyni (Ólafur Þorgrímsson)
 og **Hólmfríði Jónsdóttur** (Gústaf A. Sveinsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
 próf. Ármann Snævarr í stað hrd. Jóns
 Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðs-
 sonar.

Brot gegn lögum um búfjarrækt.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Broti ákærða Sigtryggs er rétt lýst í héraðsdómi, og varðar það við 1. málsgrein 26. gr. laga nr. 19/1948. Þykir refsingin samkvæmt 83. gr. sömu laga hæfilega ákveðin í hinum áfrýj-
 aða dómi, en greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Mál á hendur ákærðu Hólmfríði hefur einungis verið höfðað fyrir það atferli, sem lýst er í 26. gr. laga nr. 19/1948. Með verknaði þeim, sem getur í héraðsdómi, hefur hún ekki brotið gegn því lagaboði, og ber því að sýkna hana af refsikröfu ákærvaldsins í málinu. Samkvæmt þessu verður ekki lagður dómur í máli þessu á skaðabótakröfu ákærða Sigtryggs á hendur ákærðu Hólmfríði. Ber því að ómerkja hinn áfrýj-
 aða dóm að því leyti og vísa skaðabótakröfunni frá héraðs-
 dómi.

Skaðabótakrafa ákærðu Hólmfríðar á hendur ákærða Sig-

tryggi er vanreifuð, og hefur héraðsdómari ekki leiðbeint ákærðu Hólmfríði, sem er ólögfróð, um þá kröfugerð. Þykir því einnig bera að ómerkja hinn áfrýjaða dóm að því leyti og vísa þeirri kröfu frá héraðsdómi.

Með hliðsjón af því, að mál þetta varðar ekki nema að nokkru leyti sekt ákærða Sigtryggs, svo og því, að ekki verður séð, að héraðsdómari hafi veitt honum kost á að ljúka málinu með dómsátt, þótt hann byðist til að greiða sekt fyrir brot sitt, þykir rétt að gera ákærða Sigtryggi einungis að greiða laun verjanda síns í Hæstarétti, kr. 500.00, og $\frac{1}{2}$ hluta annars sakarkostnaðar, þar á meðal laun sækjanda í Hæstarétti, sem ákveðast kr. 700.00. Allan annan kostnað sakarinnar ber að leggja á ríkissjóð, þar með talin laun verjanda ákærðu Hólmfríðar í Hæstarétti, kr. 500.00.

Auk þeirrar vanrækslu um leiðbeiningarskyldu, sem áður er lýst, hefur héraðsdómari látið undir höfuð leggjast að leiðbeina ákærða Sigtryggi, sem er ólögfróður, um málssókn samkvæmt 257. gr. laga nr. 19/1940 svo og um framkvæmd yfirmats, er hann virðist hafa óskað eftir. Í tilkynningu um málshöfðun er hvorki getið um málskostnað né skaðabótakröfur aðilja, og ákvörðun héraðsdómara um sakarkostnað er löglaus, að því er varðar ákvæðið um málskostnað á hendur ákærðu Hólmfríði og ákvæðið um, að hvort hinna ákærðu skuli til vara bera ábyrgð á þeim málskostnaði, sem dæmdur er á hendur hinu. Ber að víta héraðsdómara fyrir framangreinda galla á málsmeðferð.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um sýknu ákærðu Hólmfríðar Jónsdóttur og um sekt ákærða Sigtryggs Benediktssonar, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um skaðabætur eiga að vera ómerk, og vísast skaðabótakröfunum frá héraðsdómi.

Ákærði Sigtryggur Benediktsson greiði málflutnings-

laun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Ólafs Þorgríms-sonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00, svo og $\frac{2}{5}$ hluta annars sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Einars Arnórssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 700.00. Allur annar kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda ákærðu Hólmfríðar Jónsdóttur, Gústafs A. Sveinsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Húnavatnssýslu 8. júlí 1949.

Mál þetta, sem var þingfest 24. f. m. og tekið upp til dóms sama dag, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigtryggi Benediktssyni, bónda að Snæringsstöðum í Áshreppi, og Hólmfríði Jónsdóttur, búanda að Undirfelli í sama hreppi, fyrir brot gegn ákvæðum laga um búfjárrækt nr. 19/1948, III. kafla, 26. gr. sbr. 83. gr.

Tildrög máls þessa eru þau, er hér greinir:

Frú Hólmfríður Jónsdóttir, búandi að Undirfelli í Áshreppi, kærði til sýslumanns með kæru, dags. 2. maí þ. á., að 4 vetra stóðhestur (graðhestur) nágranna hennar, Sigtryggs Benediktssonar, bónda að Snæringsstöðum, gengi laus í högum þrátt fyrir ítrekaðar umkvartanir hennar og bryti girðingar hennar og spillti heyjum. Krafðist hún þess, að kærði tæki hestinn þegar í stað í örugga vörzlu, en yrði látinn sæta ábyrgð fyrir að hafa látið hestinn ganga lausan í högum og greiða henni skaðabætur fyrir tjón af hans völdum. Í tilefni af kærinni símaði sýslumaður til hlutaðeigandi hreppstjóra, Konráðs Eggertssonar, Haukagili, og fól honum að sjá um, að Sigtryggur Benediktsson tæki hestinn í örugga vörzlu. Setti Sigtryggur hestinn þá í girðingarhólf, sem ekki var gert fyrir stóðhest, og fór hesturinn því von bráðar úr því aftur og leitaði enn sem fyrr heim að Undirfelli. Sendi kærða þá sýslumanni að nýju kæru í símskeyti, dags. 21. maí, en sýslumaður svaraði með símskeyti samdægurs og benti kærðu á að fara þá leið, að handsama hestinn og flytja hann til hreppstjórans til sölumeðferðar. Sama dag skaut kærða hestinn og flutti hann daginn eftir til hreppstjóra. Hreppstjóri vissi engra þeirra manna von, er vilja mundu gefa verð fyrir úldið hesthræ, og taldi sér óskilyt að hafa hann liggjandi heima á hlaði sínu, og var því hræið grafið í samráði við sýslumann, en án þess að greiðslu væri krafizt fyrir þá fyrirhöfn, þ. e. flutning hræsins á afvikinn stað og gróft þess.

Eigandi hestsins, Sigtryggur Benediktsson, kærði hestdrápið og krafðist skaðabóta fyrir hestinn eftir mati óvilhallra manna, en bauð jafnframt

fram sektargreiðslu fyrir brot sitt að hafa hestinn lausan í högum. Dómkvaddir menn mátu hestinn á kr. 700.00 miðað við sölu á honum lifandi. Taldi eigandi hestsins það mat allt of lágt, en kærða taldi það hins vegar allt of hátt, þar sem hesturinn hefði verið mjög lítill. Dómaranum var persónulega kunnugt um, að stór og vænn 6 vetra hestur, sem slátrað var í fyrrahaust og seldur til Reykjavíkur við „normal“ verði, lagði sig ekki nema á aðeins rúmar 700 krónur að frádregnum flutningskostnaði til sölustaðar. Álit kærðu, að matsverðið, kr. 700.00, á litlum 4 vetra hesti sé of hátt, miðað við markaðsverð síðastliðið haust, virðist því hafa við rök að styðjast. En þar sem gera má ráð fyrir því, að matsmennirnir, sem eru valdir bændur og hrossaframleiðendur, hafi haft hliðsjón af hækkunarmöguleikum hrossakjötsverðs í sumar og ef til vill fleira, þykir ekki forsvaranlegt að lækka skaðabótakröfuna frá mati þeirra, né heldur að hækka hana. Eigandi hestsins hefur ekki krafizt yfirmats, en hins vegar krafizt nýs mats, en þeirri kröfu hefur ekki þótt fært að sinna. Þá bar hann og fram til vara kröfu um, að matsmenn yrðu látnir staðfesta mat sitt með eiði, en með því að fallast á, að málið yrði tekið undir dóm þegar eftir þingfestingu þess, þykir hann hafa fallið frá þeirri varakröfu, sem óumflýjanlega hefði haft nokkuð aukinn málskostnað og drátt í för með sér.

Kærða Hólmfríður Jónsdóttir hefur krafizt sýknu í málinu og að henni verði dæmdar bætur fyrir tjón sitt og fyrirhöfn af völdum hestsins.

Kærði Sigtryggur Benediktsson hefur haldið því fram sem vörn í málinu, að í Áshreppi sé það algengt, að stóðhestar (graðhestar) gangi lausir óátalið, enda sé engin stóðhestagirðing til í hreppnum, og er kærða honum samdóma um þau atriði. En þetta þegjandi innansveitar samkomulag, sem er gagnstætt gildandi ákvæðum laga, nema samþykki Búnaðarfélag Íslands hefði komið til, réttlætir ekki þá aðferð kærða að láta fullorðinn stóðhest ganga lausan, þrátt fyrir margendurteknar umkvartanir næsta nággranna og réttmætar áskoranir um að taka hestinn í örugga vörzlu, og þó alveg sérstaklega eftir að hreppstjóri eftir framkomna kæru og eftir beiðni sýslumanns hafði lagt fyrir hann að taka hestinn tafarlaust í örugga vörzlu. Með þessu athæfi sínu hefur kærði brotið gegn ákvæðum 26. gr. laga nr. 19/1948, og ber því að gera honum að greiða sekt fyrir téð brot sitt, sem samkvæmt sektarákvæðum 83. gr. sömu laga og með hliðsjón af hinni almennu hækkun sekta, sem orðið hefur samkvæmt lögum nr. 14/1948, þykir hæfilega ákveðin kr. 500.00, er renni í sjóð Búnaðarfélags Áshrepps, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa.

Kærða Hólmfríður Jónsdóttir hefur haldið því fram, að hún hafi verið tilneydd að drepa hestinn, því að önnur ráð hafi ekki verið í hennar valdi til þess að losna við ágang hans. Á þessa skoðun getur rétturinn ekki fallizt. Kærðu var innan handar að fá menn til að handsama hestinn, þótt hún treystist ekki til þess sjálf, og flytja hann til hreppstjóra til sölu, enda hafði hún tryggingu í söluandvirði hestsins fyrir þeim kostnaði. Dráp hestsins liggur því fyrir utan takmörk lögleyfðrar neyðarvarnar, en af því

leiðir, að ekki verður komizt hjá að dæma hana til þess að greiða eiganda hestsins fullar bætur fyrir hann, að upphæð kr. 700.00 samkvæmt mati hinna dómkvöddu manna.

Það verður að teljast brot á 26. gr. laga nr. 19/1948 að aflifa hestinn, áður en hann var fluttur til hreppstjóra, og ætti sá verknaður því að falla undir sektarákvæði 83. gr. sömu laga. En vegna þess, hversu ger-samlega var skellt skolleyrum við réttmætum kröfum kærðu um, að hesturinn yrði tekinn í örugga vörzlu, og meðfram með hliðsjón af erfiðri aðstöðu hennar sem konu og einyrkja að verjast ágangi hestsins, þykir eigi fært að dæma hana til sektargreiðslu.

Kröfu kærðu um bætur fyrir tjón af völdum hestsins er ekki unnt að taka til greina, þar sem ekki hefur sannazt neitt tjón af hans völdum, sem unnt er að benda á og meta til peningaverðs eitt sér. Hins vegar verður að telja sannað, að hesturinn hafi komizt í hey kærðu, bitið haga hennar og tún ásamt fleiri hrossum og kærða haft af hestinum mikla fyrirhöfn og skapraun, m. a. flutning hestsins til hreppstjóra. Fyrir þessa fyrirhöfn og átroðning þykir samkvæmt almennum skaðabótareglum og samkvæmt kröfu kærðu mega tildæma henni bætur úr hendi kærða, Sig-tryggs Benediktssonar, og þykja þær eftir atvikum hæfilega metnar kr. 200.00, er dragast frá skaðabótageiðslunni fyrir hestinn.

Málkostnað þykir rétt að kærðu greiði að hálfu hvort þeirra, en til vara annað fyrir bæði og bæði fyrir annað.

Hvorugt hinna kærðu hafa áður sætt ákæru eða dómi fyrir refsiverðan verknað, svo að vitað sé. Bæði eru þau komin yfir lögaldur sakamanna, Sigtryggur Benediktsson fæddur að Hamrakoti á Ásum 3/10 1894, en Hólmfríður Jónsdóttir fædd 1/6 1903 að Þórormstungu í Vatnsdal.

Á rekstri málsins hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera :

Kærði, Sigtryggur Benediktsson, bóndi að Snæringsstöðum í Ás-hreppi, sæti 500 króna sekt, er renni í sjóð Búnaðarfélags Áshrepps, en 7 daga varðhald komi í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa. Auk þess greiði hann Hólmfríði Jónsdóttur kr. 200.00 fyrir ágang og fyrirhöfn.

Kærða Hólmfríður Jónsdóttir, búandi að Undirfelli, skal vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu, en greiði hins vegar Sigtryggi Benediktssyni skaðabætur, að upphæð kr. 700.00, að frá-dregnum kr. 200.00, er honum ber að greiða henni samkvæmt dómi þessum.

Allan áfallinn og áfallandi kostnað sakarinnar greiði hin dæmdu að jöfnum hlutum, en til vara annað fyrir bæði og bæði fyrir annað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.